

Mál nr. 189/2001

M og

vátryggingafélagið X v/ frjálsrar ábyrgðartryggingar verktaka.

Tjón á kæli- og frystivörum í matvöruverlsun vegna rofs á vatnsleiðslu þann 15.9.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.10.2001 ásamt fylgigögnum nr. 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 27.10.2001 ásamt fylgigögnum nr. 1-16.

Málsatvik.

Þann 15.9.2000 var af hálfu verktakans A unnið við að bora í jörðina á bifreiðastæði í Reykjavík til að koma þar fyrir ljósleiðara. Í umræddu húsi er matvöruverlsun í eigu M. Sérstök borvél, sem notuð var til verksins, var staðsett um 50 m norðan megin við tiltekið hús C og átti að bora til suðurs þvert undir bifreiðastæðið á um 2,20 m dýpi. Við borframkvæmdirnar skaddaðist aðalvatnsæðin í hverfinu og að verslunarkjarna, þar sem verslun M er. Þegar vatnsæðin fór í sundur urðu kæli- og frystitæki í verlsun M óvirk og skemmdir urðu á matvöru sem í þeim voru. M hefur krafist bóta úr hendi A, en því hefur verið hafnað af hálfu X, tryggingafélags A.

Starfsmenn A kváðust hafa aflað sér upplýsinga, þ.m.t. allra teikninga um þær lagnir sem áttu að vera á svæðinu, m.a. fyrrgreinda vatnslögn, en dýptarteikningar hafi ekki fylgt. Tilgreindur verkstjóri hjá Vatnsveitu Reykjavíkur hafi skýrt frá því að lögnin lægi grunnt eða á 120 cm dýpi. Samkvæmt upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um lagnadýpi liggja lagnir dreifikerfis vatnsveitu OR á mismunandi dýpi. Tvær meginvinnureglur séu hafðar til hliðsjónar, þegar vatnslagnir eru lagðar í jörð: Annars vegar að leggja á frostfrítt dýpi og sé þá oft miðað við að minnst 120 cm jarðvegsþekja sé ofan á lögninni. Hins vegar að vatnslögnin sé ofar en fráveitulögnin sem lögð sé í sama skurð. Eftir að lagnir eru lagðar geti yfirborð lagnastæðisins breyst. Af hálfu B, aðalverktaka við lagningu ljósleiðarans, var mælt fyrir um að borað skyldi á tveggja metra dýpi.

Borunin undir vatnslögnina mun hafa gengið áfallalaust. Er borað hafði verið um 40 m og komið var að byggingu C mun borinn hafa lent í einhvers konar tengihúsi eða brunni, sem ekki var vitað um og kom ekki fram á teikningum. Skömmu síðar var ákveðið að draga borinn til baka. Var í því skyni grafið niður í tengihúsið, þar sem skipt var um borkrónu og fest við hann 50 mm plaströr til að draga í gegnum holuna sem hafði verið boruð. Jafnframt var settur svokallaður "rýmari" á borinn til að víkka holuna um 5-10 cm svo unnt væri að koma plaströrunu í gegn án togálags. Þegar borinn kom að vatnslögninni með plaströrið í eftirdragi, mun hann hafa lent í henni þannig að hún skaddaðist. Sennilegt er að kast hafi komið á borstangirnar, er borinn fór í gegnum tengihúsið þannig að hann hafi ekki elt fyrri holu á leiðinni til baka með þeim afleiðingum að hann lenti í vatnslögninni.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni verður ekki annað ráðið en starfsmenn A hafi reynt að afla allra tiltækra upplýsinga um legu lagna í jörðu á fyrirhuguðu borsvæði, þ. á m. um vatnslögn þá sem fór í sundur og mál þetta er sprottið af. Ekki tókst að afla upplýsinga um nákvæma dýpt lagnarinnar. Af almennum upplýsingum og vitneskju um dýpt slíkra lagna mátti gera ráð fyrir að lögnin væri á um 1,2 m dýpi. Engu að síður var afráðið að bora á rúmlega 2ja m dýpi til að fyrirbyggja að lögnin yrði fyrir skaða. Óhappið varð engu að síður.

Verður ekki séð af gögnum málsins að það megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A. Þá verður A heldur ekki á öðrum grundvelli talin bera bótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna óhappsins. Verður A því ekki talin bera skaðabótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

A ber ekki ábyrgð á tjóni M.

Reykjavík, 13. nóvember 2001.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.